


## Tengiliður farsældar

Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 eiga öll börn og forsjáraðilar að hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns á *stigi 1*, eftir því sem þörf krefur. Tengilið farsældar ber að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við forsjáraðila og barn. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður farsældar starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliðurinn starfsmaður skóla.

Meginhlutverk tengiliða farsældar er að:

1. Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
2. Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
3. Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
4. Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
5. Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.



Innri hringur sýnir hlutverk tengiliðar farsældar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021  
Ytri hringur sýnir hlutverk tengiliðar samkvæmt verklagi Brúarinnar

Mynd 1. Hlutverk tengiliðar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og verklagi Brúarinnar.

Samkvæmt verklagi Brúarinnar er tengiliður grunnskóla deildastjóri stiga eða annar tilnefndur aðili innan skóla.

Samkvæmt verklagi Brúarinnar er tengiliður leikskóla sérkennslustjóri.

